

Eggert Pálsson, bóndi á Kirkjulæk í Fljótshlíð, rifjaði upp kynni sín af Múlakoti og fólkinu sem þar bjó. Eggert fæddist árið 1944 og ólst upp á Kirkjulæk.

Frumkvöðlar og framúrstefnufólk

Eggert segir Ólaf Túbals hafa verið eftirminnilegan. „Ég þekkti hann sama og ekki neitt persónulega, enda var hann orðinn fullorðinn maður þegar ég man eftir honum, en vissi auðvitað hver hann var,“ rifjar Eggert upp.

„Foreldrar mínir voru á svipuðum aldri og hann, hann var aðeins eldri en pabbi. Þeir voru ágætis kunningjar og fjarskyldir, faðir hans Túbal var eitthvað skyldur pabba. Óli kom stundum í heimsókn en þá var nú ekki mikið verið að fara í heimsóknir, en hann kom einstaka sinnum við. Hann átti bíl þannig að hann gat ferðast um hlíðina, en pabbi átti aldrei bíl. Margir eignuðust síðan Willis-jeppa hér í innhlíðinni, þeir fengu einhvern afslátt eftir Heklugosið 1947 til kaupanna.“

Mjólkurbíll, hestar, jeppi og rútur

Ýmsir fararskjótar voru til þó ekki væru margir bílar. „Krakkarnir í innhlíðinni komu með mjólkurbílum í skólann. Síðan voru þau sótt á jeppa seinni part dags, einum af Willisjeppunum, það var faðir Einars í Háamúla sem náði í þau. Við krakkarnir fórum síðan stundum ríðandi þarna inneftir á sunnudögum. Ég átti kunningja í Eyvindarmúla, fór til hans stundum ríðandi, og hann stundum til mín,“ segir Eggert.

Fjölhæfur listamaður og afkastamikill

„Óli var framúrstefnumaður en hann var sama og ekkert í búskapnum. Það var listamennskan í honum Óla en ekki bóndinn, sem var þarna í Múlakoti. Þau tvö áhugamál eiga kannski ekki mikla samleið. Málara komu til hans og voru svona vikutíma. Hann málaði mikið landslagsmyndir og sér í lagi Eyjafjallajökul. Hann gaf föður mínum mynd af Þríhyrningi í fimmtugsafmælisgjöf. Þessar myndir höfðu mikið til mín,“ lýsir hann.

Eggert man eina sköndna sögu af málalari Ólafs. „Kallarnir hérna í sveitinni áður fyrr voru ræða saman að Óli væri að mála jökulinn. Gall þá við í einum: „Ankoti held ég að hann þurfi nú af farvanum á hann ef hann ætlar að mála allan jökulinn!“ Hann gerði sér ekki grein fyrir að þeir ættu við málverk, hélt bara að hann ætlaði að mála jökulinn.

Ekki heldur Eggert að málverkin hafi gefið mikið í aðra hönd. „Það var engin auðlegð hjá þessu fólki. Hann seldi eitthvað af listaverkunum sínum en það var allt ódýrt, hann hefur ekki verið neinn auðlegðarmaður. Hann hélt líka nokkrar sýningar. Ég held að listamenn hafi átt svolítið erfitt í þá daga.“

Ingólfur Jónsson á Hellu var líka góður kunningi Ólafs. „Óli var mikill sjálfstæðismaður og studdi hann Ingólf alla tíð. Ingólfur fékk Óla til að mála listaverk fyrir hótelið á Hellu, á alla veggina. Alls staðar milli allra glugga voru listaverk eftir Óla. Ingólfur var með hann alveg hluta úr vetri og það var bara málað á veggina. Þetta skemmdist síðar því miður í bruna, en þetta voru mjög flott listaverk, svipuð og voru hér inn í Goðalandi. Hann málaði líka helgimyndir í Hlíðarendakirkju með Jóni Kristinssyni, Jóna í Lambey,“ segir Eggert.

Ólafi var fleira til lista lagt. „Hann var líka svolítið að þjálfa ungmennafélagið að setja upp leikrit, leiðbeina með sviðsetninguna. Ég held meira að segja tvisvar sinnum. Síðan var hann að æfa kirkjukórinn eitthvað líka,“ bætir Eggert við.

Reynir sá um búskapinn

„Óli var ekkert í búskapnum, Reynir sonur hans sá um hann. Hann var með bílpróf og kom stundum til okkar í heimsókn, og þá vissi maður bara ekkert fyrr en allt í einu að hurðin opnaðist upp á gátt og hann bauð góðan daginn! Hann var sérstakur maður hann Reynir,“ lýsir Eggert.

Frumkvöðlar í ferðapjónustu

Reksturinn í Múlakoti var einstakur á sinni tíð. „Þau voru frumkvöðlar, ætli þetta sé ekki ein fyrsta bændagistingin á Íslandi. Í upphafi voru það ferðahópar sem komu þarna við og voru á leið inn í Þórsmörk ríðandi, og gistu þá í Múlakoti. Síðan þurfti hópurinn að fá fylgd yfir Markarfljót,“ útskýrir Eggert.

„Þetta var náttúrulega eina gistihúsið hérna á öllu svæðinu, á þeim tíma var ekkert á Hellu og Hvolsvelli. Fólk kom síðan til að skoða garðinn, og ljósin í garðinum. Óli gerði þau eflaust að fyrirmynd Tívolisins í Kaupmannahöfn.“

Heklugosið 1947 hafði miklar afleiðingar í Fljótshlíðinni. „Sagt var frá konu einni sem bjó í innhlíðinni sem var að fara út í fjós að mjólka og hún hafði vaskafat yfir höfðinu á sér því það var svo mikið vikurfall, notaði það eins og hjálm,“ lýsir Eggert. „Seinna kom austanrok og þá f auk þetta allt í lækina, það var svo léttur vikurinn að hann f auk. Það hjálpaði við að hreinsa að hann f auk í skjólið í brekkunum.“

Margs konar þjónusta í boði

„Fólk stoppaði þarna líka af því að þarna var bensínsala. Stundum var planið þarna alveg þakið af bílum, fólk á ferðalagi og fékk sér eflaust kaffi. Lára var alltaf vinnandi þarna heima, þegar maður skoðar eldhúsið og aðstöðu vinnufólksins þarna þá hugsar maður hvernig hafi verið hægt að þjóna 40–50 manns í einu, á þessum tíma. Það var nú víst rennandi vatn í húsinu, en ekki nein tæki að ráði, það var nú til dæmis engin þvottaaðstaða, allt þvegið í höndum. Það var þó rafmagn úr heimarafstöðinni,“ lýsir Eggert.

„Það var alltaf gaman að koma þarna. Ég man að maður kom við í Múlakoti þegar verið var að fara á fjall þegar ég var stráklíngur, og þá var sjoppan enn þá. Þá var Lilja ein að vinna í sjoppunni, það var ekkert starfsfólk þarna á haustin,“ segir Eggert að lokum.